# Professional P25

## Akrýlmálning 25%

### Efnislýsing

Professional P25 er afar slitsterk, vatnsþynnanleg, hálfgljáandi akrýlmálning sem þekur einstaklega vel og gefur nútímalegt útlit sem hentar vel í rýmum með mikilli náttúrulegri birtu frá stórum gluggum. Professional P25 er því heppileg málning fyrir eldhúsveggi, veggi í forstofum og göngum, tómstunda- og skrifstofurýmum, skólum, sjúkrahúsum og í öðru húsnæði þar sem óskað er hálfmattrar áferðar og málningar sem auðvelt er að þrífa. Professional P25 er ætluð til notkunar á grunnmálaða spartlaða fleti í nýbyggingum eða til almennrar endurmálunar innanhúss á steypta fleti, pússaða sem ópússaða, klæðningar af ólíkri gerð, glertrefjavef o.fl.




### Meðhöndlun

Spartlið eftir þörfum. Á ómáluðum flötum næst besti árangur með því að grunna með einni umferð af Professional Microdispers eða Professional Grund+ og mála síðan eina til tvær umferðir af Professional P25.

Áður málaða fleti skal þvo með Original Målartvätt og vatni. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Málið síðan með einni til tveimur umferðum af Professional P25.

Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað lausbundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers áður en málað er.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsi-efnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Bindiefni:** Akrýl
**Gljástig:** 25%
**Þurrktími:** Við 23°C / 50% raka; snerrtiþurrt eftir 2 klst og yfirmálun eftir 6 klst
**Lágmarkshiti við málun:** +5°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn, mest 10%
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** 6-8 m$^2$/l
**Þvottheldni:** 1 flokkur skv. EN 13300
**Umbúðir:** 2,5, 5 og 10 lítra dósir
**Stofnar:** BW, BM, BC og allir litir
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC): Fl. A/b 100 g/l (2010): P25 inniheldur mest 40 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

P25 er brunaflokkuð og uppfyllir kröfur fyrir eldvarnarflokk B-s1, d0 í samræmi við vottun SC0710-15